

Mál nr. 108/2009
M og
Vátryggingafélagið V v heimilistryggingar

Tjón sem varð þegar stóll datt niður stiga þ. 13.2.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 23.3.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-3.
2. Bréf V dags. 6.4.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-2.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu segir að sonur tryggingartaka hafi verið gestkomandi ásamt fleiri drengjum á heimili tjónþola og hafi hann rekist í stól við stigaskör og hafi stóllinn fallið niður stigan milli hæða og hafi stóllinn laskast og rispur komið í stiga og höggvist hafi upp úr stiganum. Í málskoti er atvikum lýst þannig að drengurinn sem um ræðir hafi fært stólinn og ekki gætt þess að hann hafi sett hann nærri stigaskör og stóllinn hafði fallið niður stigaskörina þegar hann stóð snögglega upp. M krefst bóta úr heimilistryggingu sinni vegna tjóns sem sonur hans olli tjónþola. V hafnar bótaskyldu og bendir á mismunandi atvikalýsingar og telur að leggja beri atvikalýsingu í tjónstilkynningu til grundvallar. Þá telur V að ekki sé um bótaskyld tilvik að ræða í þessu sambandi heldur hafi verið um óhappatilvik að ræða.

Álit.

Að virtum öllum gögnum málsins verður ekki annað séð en hér hafi verið um óhappatilvik að ræða. M á því ekki rétt á að tjónið bættist úr heimilistryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr heimilistryggingu sinni.

Reykjavík 20.4. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.